

FRÉTTIR AF FLUTNINGUM

Velta Samskipa erlendis yfir fimm milljarðar á ári

Mikil aukning hefur orðið á erlendri starfsemi Samskipa á síðastliðnum miss-erum. Á fyrstu sex mánuðum þessa árs nam velta fyrirtækja Samskipa erlendis tæpum 2,9 milljörðum króna og er það rúmlega 25% aukning frá fyrra ári, að sögn Guðmundar Hjaltasonar, framkvæmdastjóra alþjóðlegs fjármála- og stjórnunarviðs Samskipa.



Helgafell á leið um Kielarskurð.

Í þessum tölum er öll velta fyrir-tækjanna, þar með talin velta vegna viðskipta þeirra við önnur fyrirtæki í eigu móðurfélags. Ef hún er undan-skilin er áætlað að veltan sé um 2,6 milljarðar á tímabilinu.

Starfsemin erlendis hefur vaxið mjög hratt. Aðeins átta ár eru liðin frá því að fyrsta skrifstofa Samskipa var opnuð í Árósum. Samskip starfrækja nú 16 skrifstofur í níu löndum utan Íslands. Nýjasta skrifstofa fyrirtækis- ins erlendis er í St. John's á Nýfundna- landi og var hún opnuð í byrjun þessa árs.

Starfsmenn erlendu skrifstofanna eru 184 talsins, þar af eru 17 Íslend- ingar. Byggt hefur verið upp geysi-

öflugt þjónustukerfi bæði í Norður- Evrópu og Bandaríkjunum. Að auki er samstarf við umboðsfyrirtæki víða á þessu svæði og styrkir það þjónustu- netið enn frekar.

Fjórar megin starfseiningar

Auk þjónustu við Samskip á Íslandi eru fjórar megin starfseiningar Samskipa í Evrópu. „Intra Europe Services“ sinnir siglingum á milli megin- lands Evrópu, Skandinavíu og Bretlands, m.a. í



Guðmundur Hjaltason

samstarfi við norska skipafélagið Lys-Line AS. „Vestur-Noregur“ sinnir frystiflutningum frá Murmansk og vesturströnd Noregs til megin- landsins, European Caspian Shipping, eða „ECSL“, annast flutninga frá Evrópu og Bandaríkjunum til Kaspíahafsins og „Baltic Services“ sér um flutninga til og frá Eystrasalts- löndunum, Finnlandi og Rússlandi.

Flutningar aukast um 60%

Á fyrstu sex mánuðum ársins jukust flutningar í „Intra Europe Services“ um 60% miðað við sama tímabil árið 2000 og voru fluttar um 12.000 gáma- einingar, bæði með skipum Samskipa og með skipum Lys-Line AS. Í „ECSL“ hefur flutt magn nær tvöfaldast á fyrstu sex mánuðum þessa árs. „Baltic Services“ flutti yfir 5.500 gáma- einingar á fyrstu sex mánuðum ársins sem er yfir 70% aukning frá sama tímabili árið 2000. Árlegir flutningar „Vestur-Noregs“-starfseiningarinnar nema um 60.000 tonnum en þar er aðallega fluttur frosinn og kældur fiskur.

„Það sem fyrir stjórnendum Sam- skipa vakti með stofnun erlendra skrifstofa var fyrst og fremst að þjóna íslensku athafnalífi betur. Hin síðari ár hafa skrifstofurnar bætt við sig al- mennri flutningsþjónustu á þeim svæðum sem þær sinna. Í rekstri skrifstofanna er þeirri sýn Samskipa fylgt að vaxa innan vel skilgreindra smærri markaða á sviðum þar sem fyrirtækið stendur frammar keppi- nautum sínum. Markmiðið er ávallt að efla fyrirtækið sem heild,“ segir Guðmundur.

Skrifstofur Samskipa eru í Rotter- dam, Immingham, Árósum, Kaup- mannahöfn, Varberg, Lysekil, Moss, Bodö, Norfolk, St. John's, Hamborg, Bremen, Cuxhaven, St. Pétursborg, Murmansk og Moskvu.

Witek Bogdanski, Íslandsmeistari í rallyakstri og starfsmaður viðhaldsdeildar:

Saknaði Íslands

Samskip er alþjóðlegt fyrirtæki í fleiri en einum skilningi. Það hefur skrifstofur víða um heim en starfsfólk á Íslandi á sér líka alþjóðlegan uppruna. Af um 660 starfsmönnum eru 26 af erlendu bergi brotnir og hafa sumir starfað lengi hjá fyrirtækinu. Þeirra á meðal er Witek Bogdanski, pólskur viðskiptafræðingur frá Gdansk og starfsmaður viðhaldsdeildar.

„Ég hafði lokið M.S. gráðu í viðskiptafræði með áherslu á viðskipti og flutninga á sjó og starfaði hjá fyrirtæki sem hafði umboð meðal annars fyrir íslensk flutningafyrirtæki í Gdynia. Ég kynntist Íslendingum í gegnum starfið og var boðið að koma og vinna á Íslandi árið 1984,“ segir Witek. Hann vann fyrst hjá Hafskip og síðan Eimskip. Árið 1989 sneri hann við blaðinu og flutti til Kanada. „En ég saknaði Íslands svo mikið að ég kom aftur og fór að vinna hér í ágúst 1990,“ segir hann brosandí.


Witek bjó nokkuð lengi hérlendis án þess að tala íslensku. Hann lærði hana loks fyrir tilstilli starfsfélaganna. „Árið 1993 ákváðu samstarfsmenn mínir að ég yrði að læra íslensku og hættu að tala við mig á ensku.

Það var mjög erfitt fyrst því að ég var alls ekki góður í málinu og ég verð ennþá svolítið þreyttur í munnum þegar ég hef talað íslensku lengi,“ segir hann og hlær. Witek hefur nú góð tök á málinu. Það kom sér vel þegar Samskip óskuðu hjálpar hans fyrir ári. Þá fékk félagið níu pólska starfsmenn. „Þetta var skemmtilegt verkefni og ég kynntist nýrri hlið á Samskipum,“ segir Witek.

Íslandsmeistari í rallyakstri

Starf Witek felst meðal annars í umsjón og viðhaldi á gámaflotanum, hérlendis og erlendis. Vinnan fer mikið fram á ensku og Witek segir samskiptin stundum meira við tölvur en fólk.

Witek Bogdanski hefur nú unnið fyrir



Witek Bogdanski

Samskip í áratug og líkar vel. „Vinnan er sveigjanleg þegar þess er þörf og það er mjög góður starfsandi hér. Það er mjög mikilvægt.“

Witek hefur lengi haft áhuga á rallyakstri og hefur stundað þá íþrótt hér á landi frá 1987. Hann er nú Íslandsmeistari í rallyakstri í flokki óbreyttra bíla.

Íslenski krafturinn kemur sér vel

„Íslendingar eru kröfuharðir viðskiptavinir og vilja að flutningarnir gangi hratt. Við erum vanir því að standast þær kröfur og ég held að sú reynsla komi sér vel erlendis. Þessi íslenski kraftur þýðir að við getum brugðist skjótar við og því boðið betri þjónustu,“ segir Óskar Már Ásmundsson sem nýlega tók við starfi deildarstjóra innflutningsdeildar Samskipa.

Þegar Óskar Már Ásmundsson réð sig til Skipadeildar Sambandsins árið 1983 taldi skrifstofan rúmlega 20 manns. „Það eru færri en eru núna á skrifstofunni í St. Pétursborg. Ég var ráðinn sem sölumaður og var fyrsti sölumaðurinn hjá Skipadeildinni sem skipti aðallega við Sambandið. Núna er allt umhverfi annað og viðskiptavinir skipta þúsundum,“ segir Óskar.

Óskar hefur séð miklar breytingar á flutningsmarkaði á ferli sínum. Í stað níu skipa í rekstri árið 1983 eru nú tvö skip í millilandaflutningum fyrir félagið. Eigi að síður hefur flutningsmagnið þrefaldast enda eru skipin mun stærri en áður. Flutningar hafa breyst á þessum tíma með meiri hagræðingu og öll þjónusta aukist.

Gjörbreyting á innflutningi

„Það hefur orðið gjörbreyting á innflutningi með breyttum þjóðfélagsháttum,“ segir Óskar. „Fyrir utan aukn-

inguna hefur varan færst úr því að vera lestuð í lausu um borð yfir í það að vera lestuð í gáma í ríkari mæli. Í stað skipa sem voru lengi eða óreglulega í ferðum er áherslan nú lögð á áætlunarskip sem sigla hratt og hafa fasta viðkomutíma.“

Mestu breytingarnar á flutningsmarkaðnum segir hann þó vera í upplýsingum og samskiptum líkt og annars staðar í þjóðfélaginu. Samfara þessum breytingum eru gerðar kröfur um meiri hraða í flutningum. Óskar segir helstu sóknarfærni í innflutningi liggja á þessu sviði. Ögrunin felist í því að minnka kostnað og auka framleiðni með betri nýtingu á skipum og tækjum.

Langir hádegisverðir lagðir af

En með auknum hraða og þeim breytingum sem meðal annars fylgja upplýsingatæknibyltingunni breytist fleira í samskiptaferlinu. Það gengur ekki að láta skip liggja í höfn dögum saman. Nú leggja



Óskar Már Ásmundsson

skipin að bryggju, ferma eða afferma og eru farin eftir nokkrar klukkustundir.

Óg fleira hefur breyst. „Langir hádegisverðarfundir með kúnnum eru eitt af því sem lagðist af,“ segir Óskar og hlær.

Langur starfsferill ber vott um ánægju í starfi og Óskar staðfestir það: „Þetta er spennandi starf, lifandi og skemmtilegt og í nánum tengslum við atvinnulífið á Íslandi. Hér hefur verið gott samstarfsfólk í gegnum tíðina. Það sem skiptir mig máli er að það er gaman að mæta í vinnuna.“

Vel heppnuð fjölskylduhátíð Landflutninga-Samskipa:

Lið Landflutninga-Samskipa sigraði



Flestum þykir nógu erfitt að skipta um dekk á litlum fjölskyldubíl en harðsnúin lið flutningageirans voru snögg að skipta á trukkunum.

Lið Landflutninga-Samskipa sigraði í góðaksturs- og þrautakeppni milli þriggja liða úr flutningageiranum á fjölskylduhátíð Landflutninga sunnudaginn 24. júní síðastliðinn.

Á fjórða þúsund manns sóttu hátíðina og fylgdust með keppninni þar sem liðin þrjú óku eftir þrautabraut, bökkuðu stórum trukkum með tengivögnum, færðu gáma til á afmörkuðu svæði og leystu fleiri þrautir af hendi. Þá þurftu liðin að svara umferðarspurningum. Þar svöruðu öll liðin öllum spurningum rétt. Í liði Landflutninga-Samskipa voru Jens Kristjánsson, Atli Jarl Martin og Björgvin Jónsson og sigruðu þeir með nokkrum yfirburðum, hlutu aðeins 601 refsstig á

móti 842 refsstigum hjá Flytjanda og 870 hjá keppendum frá GG. Keppnin var í samvinnu við Umferðarráð og Bindindisfélag ökumanna.

Gestir á fjölskylduhátíðinni skemmtu sér vel við hressilega tóna frá hljómsveitinni Írafári. Fólk gafst færi á að skoða bíla og tæki Landflutninga-Samskipa, reyna veltubíl og yngsta kynslóðin naut sín í hoppköstulum og á trampólíni.

Boðið var upp á Goðapylsur, Frissa fríska, Myllubrauð, Emmess-ís og Primus



Ísinn gladdi yngstu kynslóðina.



Sigurlið Landflutninga - Samskipa. F.v.: Atli Jarl Martin, Björgvin Jónsson og Jens Kristjánsson.

næringardrykk.

Markmið fjölskylduhátíðarinnar var að kynna starfsemi Landflutninga-Samskipa sem reka öflugt flutningakerfi um allt land. Fjöldi daglegra brottfara frá Reykjavík er 36 og áfangastaðir utan Reykjavíkur eru 78. Mikill meirihluti brottfara frá Reykjavík er eftir klukkan fimm á daginn og stærstu bílarnir fara yfirleitt af stað um miðnætti til að valda sem minnstri röskun á umferð á þjóðvegnum. Tölvubúnaður í bílunum sér til þess að þeir geti aldrei ekið hraðar en 90 km á klukkustund.

Námskeið fyrir foreldra:

Heilbriggt sjálfstraust

Hjá Vímulausri æsku þekkjá menn af eigin raun hvaða áhrif það hefur á fjölskyldulíf þegar börn og unglingar ánetjast vímuefnum. Samtökin aðstoða foreldra og fjölskyldur við að takast á við slíkt verkefni. Þau vinna að auki öflugt forvarnarstarf, meðal annars með sjálfsstyrkingarhópum unglunga og foreldranámskeiðum. Með styrk frá Samskipum er núna verið að auka enn við forvarnarstarfið.



„Við hefðum aldrei getað þetta án styrks frá Samskipum.“ Jórunn Magnúsdóttir, forstöðumaður Foreldrahússins, og Elísa Wíum, framkvæmdastjóri Vímulausrar æsku.

„Við erum alltaf með það efst í huga hvað við getum gert til að hjálpa foreldrum,“ segir Jórunn Magnúsdóttir, forstöðumaður Foreldrahússins, sem starfrækt er af Vímulausri æsku. „Við vitum að það skiptir máli að styrkja og styðja foreldrana í uppeldishlutverkinu. Ef við eflum jákvæðni, sjálfstraust og sjálfsálit hjá foreldrunum þá skilar það sér til barnanna.“

Námskeið á myndbandi

Liður í þessari eflingu er gerð myndbands með námskeiði til þess að nota við kennslu. Námskeiðið hefur hlotið yfirskriftina „Heilbriggt sjálfstraust“ og miðar að því að styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu. Það er ætlað öllum sem áhuga hafa á barnauppleði.

Hugmyndin að myndbandinu er komin frá Bandaríkjunum að sögn Elísu Wíum, framkvæmdastjóra Vímulausrar æsku. Sérfræðingarnir sem halda námskeiðin anna oft ekki eftirspurn. Með því að taka námskeiðið upp er hægt að nýta þekkingu þeirra víðar. Starfsmenn Vímulausrar æsku hljóta þjálfun í að fara með námskeiðið um landið og stýra umræðum í kjölfar þess. Að auki verður gefin út handbók fyrir foreldra og geisladiskur með fyrirlestrum.

„Við hefðum aldrei farið út í þetta ef ekki hefði komið til styrkur frá Samskipum,“

segir Elísa. „Þetta er mjög metnaðarfullt verkefni. Efníð er allt íslenskt og miðast þess vegna við okkar aðstæður. Höfundar námskeiðsins eru sálfræðingarnir Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinson sem hafa kennt þetta um árabil og eru afskaplega færir. Hugmyndin er að foreldrarnir geti farið á námskeiðið og síðan haldið áfram sjálfir, rífað upp og metið stöðu sína. Við það starf geta þeir notað vinnubækurnar og geisladiskinn.“

Að finna eigin styrkleika

Námskeiðið fjallar um sjálfstraust og leiðir til að byggja upp jákvæða sjálfmynd foreldra sem skilar sér til barnanna. Rætt er um aga, frelsi, ábyrgð, jákvæð skilaboð og hvernig menn geta fundið eigin styrkleika og nýtt þá sem best í uppeldi barna sinna. Lögð er áhersla á að góður agi í uppeldi er undirstaða sjálfsgaga síðar meir og á mikilvægi þess að börnin eigi sér góðar fyrirmyndir. Farið er yfir boðskipti þar sem jákvæð boð eru ríkjandi og fjallað um samskipti foreldra og barna frá ýmsum sjónarhornum.

Sú spurning vaknar þó hvort allir foreldrar þurfi að fara á námskeið eða hvort færni í að ala upp börn sé meðfædd. „Vinkona mín var að fá sér hund og hún varð að fara á námskeið til að ala upp hundinn,“ segir Elísa. „Barnauppeldið er

stanslaus vinna og börn eru misjöfn eins og foreldrarnir. Það er ekki síður ástæða fyrir foreldra að sækja námskeið um þessi mál en önnur. Við getum öll lært meira.“

Námskeið á vegum Foreldrahússins hafa verið vel sótt og fólk er þegar farið að skrá sig á hið nýja námskeið Foreldrahússins í haust. Myndbandið og námsefnið verður kynnt skólum í haust. Hugmyndin hefur þegar verið kynnt fyrir skólayfirlögum með það í huga að skólar geti boðið foreldrum upp á námskeið.

Einn af kostum þess að taka námskeiðin upp á myndbönd er hve það auðveldar námskeiðshald á landsbyggðinni. Það eina sem þarf til að nýta námskeiðið er myndbandstæki og skjár.

Aðstoð allan sólarhringinn

Foreldrasamtökin Vímulaus æska voru stofnuð fyrir 16 árum. Þau starfrækja Foreldrahúsið, Vonarstræti 4b, sem er opið alla daga frá 9 – 16. Viðtöl við starfsmenn hússins kosta ekkert og engar skýrslur eru teknar. Foreldrasíminn 581 1799 er opin allan sólarhringinn. Þjálfað fólk svarar í símann, ræðir við foreldra í vanda og er þeim boðið að koma niður í Foreldrahús, jafnvel að kveldi, næturlagi eða á hátíðum ef þurfa þykir.

Í Foreldrahúsinu er líka boðið upp á einkaviðtöl og fjölskylduviðtöl við sálfræðing. Þá býður Vímulaus æska upp á fjölmörg námskeið. „Börn eru líka fólk“ fyrir börn frá 6 ára aldri og foreldra þeirra, námskeið fyrir foreldra vímuefnaneytanda, sjálfseflingarnámsskeið fyrir 13-16 ára unglunga og eftirmeðferð fyrir ungmenni sem lokið hafa vímuefnameðferð.

Samskip kaup Flutningaþjónustu Viðars á Hellu

Samskip hf. hafa keypt akstursleiðina sem Flutningaþjónusta Viðars á Hellu átti og tóku við rekstrinum 15. júní síðastliðinn. Um er að ræða kaup á tækjum og viðskiptavild. Viðar Ástvaldsson mun starfa áfram við reksturinn og sjá um afgreiðslu Samskipa á Hellu ásamt tengslum við viðskiptavinina á svæðinu. Afgreiðslustaðir, símanúmer og annað á Hellu og Hvolsvelli verður óbreytt.

Handtölvuvæðing í Vörudreifingarmiðstöðinni

Nú í haust verður tekið í notkun hjá Samskipum nýtt og endurbætt tölvukerfi sem byggir á strikamerkingum og notkun handtölva fyrir Vörudreifingarmiðstöðina. Vörudreifingarmiðstöðin sér um vörudreifingarsjónustu Samskípa.



Björn Ragnarsson mundar handtölvuna.

„Með nýja kerfinu þarf ekki lengur að handskrá allar talningar og uppgjör við vörumóttöku og afhendingu. Skráningin fer fram með litlum þráðlausum handtölvum sem lesa strikamerkin á vörunum og beintengjast jafnframt miðlæga tölvukerfinu. Með handtölvunum geta starfsmenn Vörudreifingarmiðstöðvarinnar skráð og flett upp upplýsingum sem varða þá vöru sem þeir meðhöndla í hvert skipti. Þetta hefur mikil áhrif á hraða, skilvirkni og öryggi í móttöku, birgðahaldi, afhendingu og vörudreifingu Vöruhússins.“

Þannig lýsir Björn Ragnarsson, deildarstjóri upplýsingatækni- og þróunardeildar Samskípa, nýja kerfinu.

Kerfið byggist á því að nú eru nánast allar vörur strikamerktar. Eftirlit með þeim getur þar af leiðandi farið fram í rauntíma með þráðlausum handtölvum sem sækja upplýsingar í miðlægt tölvukerfi og færa

inn breytingar. Þannig er alltaf hægt að ná í og skrá réttar upplýsingar um staðsetningu vörunnar. Auk þess er hægt að fá vörulýsingu og aðrar skráðar upplýsingar með þessum hætti.

Endurspeglar birgðastöðu hverju sinni

Áramótatalningar og allar stórar talningar verða nú viðaminni. Hið nýja kerfi gerir starfsmönnum kleift að skrá vörubreytingar samstundis. Tölvukerfið endurspeglar því hverju sinni birgðastöðu hússins eins og hún er í raun og veru.

„Kostirnir fyrir viðskiptavininn eru margir,“ segir Björn. „Auðveldara verður að rekja vöruflutninga, öryggi í afhendingu verður meira auk þess hagræðis sem hlýst af rauntímaskráningu. Þegar kerfið verður allt komið á munu viðskiptavinir geta farið inn á þjónustuvef Samskípa og athugað sjálfir birgðastöðu sína á hverjum tíma.“

Flutningaþjónusta Gunnars og Vörumiðlun fá GÁMES viðurkenningu



Gunnar og María framan afgreiðslu Flutningaþjónustu Gunnars ehf.

Flutningaþjónusta Gunnars ehf. í Keflavík hlaut viðurkenningu á innra eftirliti byggðu á aðferðum GÁMES frá heilbrigðisyrifvöldum þann 5. júní síðastliðinn. Flutningaþjónustan er umboðsaðili fyrir Landflutninga-Samskip og var stofnuð árið 1990 af hjónunum Gunnari Rúnarssyni og Maríu Hafsteinsdóttur. Flutningaþjónusta Gunnars er fyrsta fyrirtækið á Suðurnesjum sem fær þessa viðurkenningu.

Þá hefur flutningafyrirtækið Vörumiðlun á Sauðárkróki fengið GÁMES viðurkenningu. Magnús Svavarsson, framkvæmdastjóri Vörumiðlunar, segir að gæðakerfið sem sé undirstaða GÁMES auðveldi þeim kerfisbundið eftirlit sem sé mjög mikilvægt við flutning á ferskvörum.



Svala Rún Sigurðardóttir, gæðastjóri Samskípa, Magnús Svavarsson, framkvæmdastjóri Vörumiðlunar, og Sigurjón Þórðarson heilbrigðisfulltrúi.

Vel sótt sjávarútvegssýning:

Fjölmennt við bás Samskipa

Samskip tóku þátt í Sjávarútvegssýningunni í Brussel sem haldin var dagana 24.–26. apríl síðastliðinn. Metþátttaka var í sýningunni að þessu sinni og almenn ánægja meðal sýnenda og gesta. Alls voru 40 íslensk fyrirtæki þátttakendur á rúmlega 600 fermetra sýningarsvæði.

Samskip voru með glæsilegan bás, stærri en oft áður, sem var vinsæll og fjölsóttur bæði af viðskiptavinum og gestum. Starfsmenn Samskipa höfðu í nógu að snúast við að spjalla við viðskiptavini og tilvonandi viðskiptavini, veita upplýsingar og bjóða gestum að þiggja veitingar og gjafir að hætti Samskipa.



Meðal gesta á bás Samskipa var Árni Mathiesen sjávarútvegsráðherra. Hann heilsaði m.a. upp á Önnu Guðnýju Aradóttur, markaðsstjóra Samskipa og Kristján Mátla, framkvæmdastjóra sölu- og markaðssviðs Samskipa.

Samstarfssamningur við BYKO endurnýjaður:

Starfsfólkið skiptir mestu máli

„Við höfum fengið mjög góða persónulega þjónustu hjá Samskipum. Þó að Samskip og BYKO séu hvort tveggja mjög stór fyrirtæki þá skiptir alltaf mestu máli að lokum hvernig starfsfólkið er,“ segir Pétur Andrésson, framkvæmdastjóri innkaupa- og flutningasviðs BYKO hf.



Frá undirritun Samstarfssamnings: Fremri röð: Jón Helgi Guðmundsson, forstjóri BYKO, og Ólafur Ólafsson, forstjóri Samskipa. Aftari röð: Pétur Andrésson, framkvæmdastjóri innkaupa- og flutningasviðs BYKO, Sigurður Arnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslanasviðs BYKO, Sigurður E. Ragnarsson, framkvæmdastjóri tilbursölusviðs BYKO, Óskar Már Ásmundsson, deildarstjóri innflutningsdeildar Samskipa og Kristján Mátla, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Samskipa.

Nýlega var undirritaður nýr samstarfssamningur milli Samskipa og BYKO. Góð reynsla er komin á samstarf þessara fyrirtækja því að Samskip hafa séð um flutninga frá Evrópu fyrir BYKO í rúmlega áratug.

„Hér er um að ræða vörur frá Evrópu fyrir tilbursölu og verslanir BYKO. Aðalhafnirnar eru á Norðurlöndum og í Rotterdam,“ segir Pétur.

Meðal stærstu innflytjenda landsins BYKO var stofnað 1962 og er nú í hópi stærstu fyrirtækja á Íslandi og meðal tíu stærstu innflytjenda landsins.

BYKO starfrækir fimm byggingavöruverslanir og öflugra tilbursölu. Auk verslana rekur BYKO umfangsmikla framleiðslu í tveimur verksmiðjum en þær eru: Sérvinnsluverkstaðið í Breiddinni þar sem smærri verk eru unnin eftir óskum viðskiptavinarins og Glugga- og hurðaverksmiðjan í Njarðvík sem framleiðir glugga og hurðir úr timbri, svo og állklædda timburglugga. Þá er raftækjaverslunin ELKO alfarið í eigu BYKO.

BYKO hefur verið að hasla sér völl erlendis á síðari árum og rekur nú öflugt fyrirtæki í Lettlandi, BYKO-LAT. Þar fer fram sögun og úrvinnsla timburs sem flutt er út til ýmissa Evrópulanda auk Íslands.

Norðmenn taka Íslendingum vel

„Mér fannst mesta breytingin vera að byrja aftur að tala við fólk í vinnunni á íslensku og skrifa bréf á íslensku eftir fjögur ár á norskum vinnustað þar sem öll samskipti voru á norsku og ensku,“ segir nýráðinn svæðisstjóri Samskipa í Noregi, Ólafur Einar Jóhannsson.

Ólafur tók við starfinu 1. júlí síðastliðinn og segist vera að setja sig inn í málin. Á skrifstofunni starfa núna níu manns. Ólafur er enginn nýgræðingur í flutningum á sjó. Hann útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá HÍ 1993 og hóf þá störf hjá Jökulum hf. „Þetta var lítil skrifstofa og þar kynntist ég öllum hliðum skipaflutninga, bæði markaðsmálum og öðru. Ég fékk strax mikinn áhuga á skipaflutningum og þjónustu,“ segir Ólafur.

Hann flutti til Noregs 1997 ásamt eiginkonu sinni, Helgu Guðmundsdóttur lækni, sem hóf þar framhaldsnám í nýrnalækningum. Noregur varð meðal annars fyrir valinu vegna þess að þar höfðu þau bæði góða möguleika á framhaldsnámi og vegna þess hve skipaflutningar hafa haft sterkan sess þar í landi.

Ólafur og Helga eiga tvö börn, Óskar, 7 ára og Ástu Sól, 9 ára. Fjölskyldunni líður vel í Noregi og Ólafur segir Norðmenn taka Íslendingum mjög vel. „Við áttum auðvelt með tungumálið og börnin tala norsku eins og innfædd. Hér er gott að búa og aðstaða til allra frístundaiðkana mjög góð.“ Fjölskyldan iðkar skíðaíþróttir á vetrum og á hverju sumri fara börnin heim til Íslands og styrkja tengslin við ættingja sína.

Fljótlega eftir komuna til Noregs fór Ólafur að vinna hjá Fred. Olsen Line AS skipafélaginu sem sölumaður á Norður-sjávarskipaleiðum. Síðar var sú deild sameinuð DFDS Tor Line AS og í ársbyrjun 1999 varð Ólafur sölustjóri þar.

Framhaldsnámið hafði setið á hakanum en haustið 2000 fékk Ólafur námsleyfi. Hann lauk svo MBA gráðu frá Norwegian School of Management BI í júní síðastliðnum. Þá hafði hann þegar verið ráðinn til Samskipa.

Þjónusta við Ísland er kjarninn í starfsemi en Ólafur segir vaxtarmöguleikana liggja í Evrópuþjónustunni, Intra Europe Services, þar sem samkeppni sé mikil en jafnframt mikið flæði flutninga. „Þetta starf færir mér meiri ögrun en starfið



Ólafur Einar Jóhannsson

sem ég var í og tengslin við Ísland eru sterkari sem mér finnst jákvætt. Ég er samt að halda áfram á svipuðum starfsvettvangi. Ég þekki þetta svæði, markaðinn og vöruflæðið vel.“

Fólksflutningar með Herjólfri aukast um tæp 30%

Fólksflutningar með Herjólfri hafa aukist um 29,5 % á fyrstu sex mánuðum þessa árs miðað við sama tíma í fyrra og bílaflutningar hafa aukist enn meira.



Samskip tóku við rekstri Herjólfis um síðustu áramót. Á tímabilinu janúar til júní á þessu ári fóru 44.400 farþegar með Herjólfri milli Eyja og lands. Á sama tímabili í fyrra voru farþegarnir 35.248.

Bílaflutningar Herjólfis hafa aukist um 37,5% á þessu ári. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2000 voru fluttir 9.470 bílar milli Eyja og lands en 12.834 á fyrstu sex mánuðum þessa árs.

Sjóleiðin milli lands og Eyja er hluti af þjóðvegi eitt og mikilvæg samgönguæð fyrir Eyjabúa. Þá gegnir Herjólfur stóru hlutverki í vöruflutningum. Á fyrstu sex mánuðum þessa árs voru fluttir 2.745 lengdarmetrar af vörum til Eyja með Herjólfri og lætur því nærri að um 80% allra vöruflutninga til Eyja fari með Herjólfri.

Aldrei gengið jafn vel

Verslunarmannahelgin er mikill annatími hjá Herjólfri. Um síðustu verslunarmannahelgi var fullbókað í allar ferðir. Að venju var bætt við starfsfólki í þjónustu og afleysingar um helgina og hjálparsevitarmenn sáu um eftirlit með farþegum. Veður var með besta móti og Lárus Gunnólfsson skipstjóri var mjög ánægður með helgina. Lárus, sem verið hefur stýrimaður og skipstjóri á Herjólfri í 25 ár, sagði að það hefði aldrei gengið jafn vel og þessa verslunarmannahelgi.

Hagdeild hreinlega vann

Það voru vaskir starfsmenn hagdeildar sem unnu til verðlauna fyrir hreinlegustu deildina í lok tiltektardags starfsmannafélags Samskipa sem haldinn var fyrir nokkru.



Tiltektardagurinn var ákveðinn í kjölfar mikilla breytinga á skrifstofuhúsnæði Samskipa. Voru starfsmenn óspart hvattir til dáða af félaginu og var verðlaunum heitið fyrir hreinlegustu deildina, skemmtilegustu deildina og þann einstakling sem hafði tekið mestum framförum frá upphafi til loka tiltektardagsins. Vaskir starfsmenn sem sumir mættu í hlífðargöllum tóku rækilega til hendinni, hver í sinni deild.

Starfsmannafélagið bauð svo upp á veitingar í lok dagsins. Starfsmenn hagdeildar voru myndaðir við verðlaunaafhendingu ásamt formanni dómnefndar.

Synirnir með í vinnuna

Á síðastliðnu ári var dætrum starfsmanna boðið í heimsókn til Samskipa. Var ákveðið í framhaldi af því að bjóða sonunum með næst. Af þessu varð svo í apríl og mættu fjölmargir strákar og áttu skemmtilegan dag í vinnunni með pabba eða mömmu.



„Þið megið næst,“ gæti hann verið að segja við félagana þessi glaðbeitti drengur sem situr keikur í skotbómulyftara.

Dagurinn tókst vel. Farið var um svæðið og skoðaðar vélar og tæki, starfsemi hafnarinnar könnuð, litið við í Ísheimum og fylgst með stutttri myndasýningu um Samskip og starfsemina. Allir fengu svo pitsu og gos og góðar gjafir að skilnaði. Piltarnir fóru heim margs vísari um starf mömmu eða pabba.

Í Austurvegi:

Samskip stýra 70% vöruflutninga um Volgu

Fljótið Volga í Rússlandi hefur verið mikilvæg samgöngu- og flutningsleið um aldir. Niður Volgu sigldu norrænir menn, þar á meðal Íslendingar, fyrir þúsund árum í viking og verslunarferðir og barst orðstír þeirra víða. Samskip eru nú tekin við stórum hluta flutninga á þessu fljóti.

Samskip GmbH er langstærst þeirra fyrirtækja sem sjá um flutninga á Volgu. Það annast 70% af öllum flutningum á þessari leið sem aðeins er opin skipum frá maí og fram í október á hverju ári.

Stærstur hluti vöruflutninganna eru fyrir olíufélög sem starfa við Kaspíahaf. „Við sendum 20–25 skip niður Volgu þetta árið,“ segir Detlef Kaminsky, rekstrarstjóri. „Mestur hluti varningsins fer alla leið til Kaspíahafsins en við getum komið við í hvaða höfn sem er á leiðinni.“

Skipin hafa meðal annars viðkomu í Baku í Georgíu, Aktau í Kazakstan, Turkmenbashi í Turkmenistan og Nowshahr í Íran.

Flutningunum er stjórnað frá Bremen en samkvæmt rússneskum lögum mega aðeins rússnesk skip sigla niður Volgu. Á veturna bjóða Samskip GmbH upp á flutning til Kaspíahafsins í gegnum Svartahaf. Þessi leið var boðin í fyrsta sinn á síðasta ári og í kjölfarið nær tvöfölduðust flutningarnir á fyrstu mánuðum þessa árs.



Stórflutningadeild í stór-ræðum:

Bruggverksmiðja milli heimsálfa

Samskip GmbH fluttu heila bruggverksmiðju frá Bretlandi til Norður-Kóreu. Verkið tókst vel og hnökralaust.



Hluti farmsins við upphaf ferðar.

Það var í október 2000 að Samskipum GmbH var falið að flytja bruggverksmiðjuna Usher frá Trowbridge á Bretlandi til Nampo í Norður-Kóreu.

Nýr tækjabúnaður keyptur

Allur búnaður verksmiðjunnar til brugggerðar var fluttur og var umfangið alls 18.000 rúmmetrar. Einstaka hlutir vógu allt að 35 tonnum. Við undirbúning þurfti að bæta við ýmsum tækjabúnaði fyrir kaupandann í Norður-Kóreu, þar á meðal dráttarbil og -vagni. Mikið af stærstu einingunum þurfti að flytja landleiðina að höfn í Bretlandi. Farmurinn fór svo allur í tvö leiguskip sem fluttu hann til Norður-Kóreu og komu þau til Nampo í júní.

Tilskilin leyfi

Það var stórflutningadeild Samskipa í Bremen sem sá um flutninginn. Að mörgu þurfti að hyggja. Meðal annars þurfti að afla tilskilinna leyfa til að flytja verksmiðjuna til Norður-Kóreu, þar á meðal frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti Bretlands.

Reynslan kom sér vel

Það kom sér vel að starfsmenn Samskipa hafa öðlast umtalsverða reynslu af því að flytja svipaðan farm frá Bretlandi til Eystrasaltslanda undanfarin þrjú ár og nýttist sú þekking og reynsla vel í þessum flutningum.

SAMSKIP

Holtbakka við Holtaveg, 104 Reykjavík, sími 569 8300
samskip@samskip.is, www.samskip.is